

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Sómalíu  
nr. 792/2015, ásamt síðari breytingum.**

1. gr.

*Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast í rétti númeraröð við 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Sómalíu nr. 792/2015, ásamt síðari breytingum:

- 1.11 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/398 frá 7. mars 2017 um framkvæmd ákvörðunar 2010/231/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sómalíu, fylgiskjal 1.11.
- 1.12 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/2427 frá 21. desember 2017 um breytingu á ákvörðun 2010/231/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sómalíu, fylgiskjal 1.12.
- 1.13 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2018/417 frá 16. mars 2018 um framkvæmd ákvörðunar 2010/231/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sómalíu, fylgiskjal 1.13.
- 2.8 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2017/395 frá 7. mars 2017 um framkvæmd 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 356/2010 um að leggja á tilteknar, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er að tilteknum einstaklingum eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum í ljósi ástandsins í Sómalíu, fylgiskjal 2.8.
- 2.9 Reglugerð ráðsins (ESB) 2017/2415 frá 21. desember 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 356/2010 um að leggja á tilteknar, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er að tilteknum einstaklingum eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum í ljósi ástandsins í Sómalíu, fylgiskjal 2.9.
- 2.10 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2018/413 frá 16. mars 2018 um framkvæmd 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 356/2010 um að leggja á tilteknar, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er að tilteknum einstaklingum eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum í ljósi ástandsins í Sómalíu, fylgiskjal 2.10.

2. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 6. nóvember 2018.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

---

*Sturla Sigurjónsson.*

**Fylgiskjal 1.11.**

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2017/398**

**frá 7. mars 2017**

**um framkvæmd ákvörðunar 2010/231/SSUÖ  
um þvingunaraðgerðir gegn Sómalíu**

Viðauka I við ákvörðun 2010/231/ SSUÖ er hér með breytt eins og fram kemur í viðauka við ákvörðun þessa.

*VIDAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

[http://data.europa.eu/eli/dec\\_impl/2017/398/oj](http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2017/398/oj).

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

**Fylgiskjal 1.12.**

**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2017/2427**

**frá 21. desember 2017**

**um breytingu á ákvörðun 2010/231/SSUÖ  
um þvingunaraðgerðir gegn Sómalíu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2010/231/SSUÖ frá 26. apríl 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Sómalíu og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2009/138/SSUÖ (¹),

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Hinn 26. apríl 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/231/SSUÖ.
- 2) Hinn 14. nóvember 2017 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2385 (2017). Í þeiri ályktun er kveðið á um undanþágu frá frystingu eigna og frá banni við því að veita aðgang að fjármunum, öðrum fjáreignum og efnahagslegum auði í tengslum við nauðsynlega mannúðaraðstoð í Sómalíu af hálfu Sameinuðu þjóðanna, sérhæfðra stofnana þeirra eða áætlana, stofnana á svíði mannúðarmála sem hafa stöðu áheyrnarfulltrúa á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, sem veita mannúðaraðstoð, og framkvæmdaraðila þeirra, þ.m.t. frjálsra félagasamtaka með tvíhlíða eða marghliða fjármögnun sem taka þátt í viðbragðsáætlun Sameinuðu þjóðanna um mannúðaraðstoð við Sómalíu.
- 3) Því ætti að breyta ákvörðun 2010/231/SSUÖ til samræmis við það.

SAMPYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað 6. mgr. 6. gr. ákvörðunar 2010/231/SSUÖ komi eftirfarandi:

„6. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um greiðslu fjármuna, annarra fjáreigna eða efnahagslegs auðs sem nauðsynlegur er til að tryggja tímanlega afhendingu á nauðsynlegri mannúðaraðstoð í Sómalíu af hálfu Sameinuðu þjóðanna, sérhæfðra stofnana þeirra eða áætlana, stofnana á svíði mannúðarmála sem hafa stöðu áheyrnarfulltrúa á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sem veita mannúðaraðstoð, og framkvæmdaraðila þeirra, þ.m.t. frjálsra félagasamtaka með tvíhlíða eða marghliða fjármögnun sem taka þátt í viðbragðsáætlun Sameinuðu þjóðanna um mannúðaraðstoð við Sómalíu.“

Nr. 1399

6. nóvember 2018

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 21. desember 2017.

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. MAASIKAS

*forseti.*

---

(<sup>1</sup>) Stjtíð. ESB L 105, 27.4.2010, bls. 17.

### **Fylgiskjal 1.13.**

#### **FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2018/417**

**frá 16. mars 2018**

**um framkvæmd ákvörðunar 2010/231/SSUÖ  
um þvingunaraðgerðir gegn Sómalíu**

Viðauka við ákvörðun 2010/231/SSUÖ er hér með breytt eins og fram kemur í viðauka við ákvörðun þessa. (Efnisúrdráttur).

#### *VIDAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

[http://data.europa.eu/eli/dec\\_impl/2018/417/oj](http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2018/417/oj).

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

### **Fylgiskjal 2.8.**

#### **FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2017/395**

**frá 7. mars 2017**

**um framkvæmd 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 356/2010 um að leggja á tilteknar, sérstakar  
þvingunaraðgerðir sem beint er að tilteknum einstaklingum eða lögaðilum,  
rekstrareiningum eða stofnunum í ljósi ástandssins í Sómalíu**

Viðauka við reglugerð (ESB) nr. 356/2010 er hér með breytt eins og fram kemur í viðauka við reglugerð þessa. (Efnisúrdráttur).

#### *VIDAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

[http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2017/395/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2017/395/oj).

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

**Fylgiskjal 2.9.****REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2017/2415**

frá 21. desember 2017

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 356/2010 um að leggja á tilteknar, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er að tilteknum einstaklingum eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum í ljósi ástandsins í Sómalíu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/2427 frá 21. desember 2017 um breytingu á ákvörðun 2010/231/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sómalíu (<sup>1</sup>),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Evrópusambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 26. apríl 2010 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 356/2010 (<sup>2</sup>) þar sem lagðar eru á tilteknar, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn þeim einstaklingum og lögaðilum, rekstrareiningum og stofnunum sem eru skráðir í I. viðauka við þá reglugerð, eins og kveðið er á um í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1844 (2008), með síðari breytingum.
- 2) Hinn 14. nóvember 2017 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2385 (2017). Að því er varðar undanþáguna frá frystingu eigna og frá banni við því að gera fjármuni aðgengilega í tengslum við tímanlega afhendingu á nauðsynlegri mannúðaraðstoð í Sómalíu, viðhelt ályktun öryggisráðs Sþ nr. 2385 (2017) vísuninni til frjálsra félagasamtaka „sem taka þátt í viðbragðsáætlun Sameinuðu þjóðanna um mannúðaraðstoð við Sómalíu“, sem var komið á með ályktun öryggisráðs Sþ nr. 2244 (2015), í stað þess að vísa til frjálsra félagasamtaka „sem taka þátt í sameinuðu ákalli Sþ fyrir Sómalíu“.
- 3) Hinn 21. desember 2017 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2017/2427 til að endurspeglar framangreinda breytingu.
- 4) Þessi breyting fellur undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggt sé að henni sé beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjum.
- 5) Því aett að breyta reglugerð (ESB) nr. 356/2010 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 356/2010 komi eftirfarandi:

„1. Ákvæði 1. og 2. mgr. 2. gr. gilda ekki um að veita aðgang að fjármunum eða efnahagslegum auði sem nauðsynlegur er til að tryggja tímanlega afhendingu á nauðsynlegri mannúðaraðstoð í Sómalíu af hálfu Sameinuðu þjóðanna, sérhæfðra stofnana þeirra eða áætlana, stofnana á svíði mannúðarmála sem hafa stöðu áheyrrnarfulltrúa á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sem veita mannúðaraðstoð, og framkvæmdaraðila þeirra, þ.m.t. frjálsra félagasamtaka með tvíhlíða eða marghliða fjármögnum sem taka þátt í viðbragðsáætlun Sameinuðu þjóðanna um mannúðaraðstoð við Sómalíu.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. desember 2017.

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. MAASIKAS

*forseti.*

Nr. 1399

6. nóvember 2018

**Fylgiskjal 2.10.**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2018/413**

**frá 16. mars 2018**

**um framkvæmd 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 356/2010 um að leggja á tilteknar, sérstakar  
þvingunaraðgerðir sem beint er að tilteknum einstaklingum eða lögaðilum,  
rekstrareiningum eða stofnunum í ljósi ástandssins í Sómalíu**

Viðauka við reglugerð (ESB) nr. 356/2010 er hér með breytt eins og fram kemur í viðauka við reglugerð þessa.  
(Efnisúrdráttur).

*VIDAUKE*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

[http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2018/413/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2018/413/oj).

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2019